

SJÓNAUKINN

8. JÚNÍ 2022 - 14. JÚNÍ 2022

• 22. tölublað • 37. árgangur •

Laus er til umsóknar staða umsjónarkennara á yngsta stigi í Grunnskóla Húnaþings vestra frá og með 1. ágúst 2022 um er að ræða 70-75% starf.

Skólinn leggur áherslu á jákvæðan aga, byrjendalæsi og leiðsagnarnám.

Við leitum að einstaklingi með:

- tilskilda menntun
- áhuga á að starfa með börnum
- lipurð í mannlegum samskiptum
- skipulagshæfileika
- hæfni til að sýna frumkvæði í starfi
- gott vald á íslensku skilyrði



Kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi FG og SNS. Upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu skólans

www.grunnskoli.hunathing.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2022. Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið **eydisbara@skoli.hunathing.is**

Hreint sakavottorð, stundvísi og fagmennska er skilyrði sem og áhugi, metnaður og jákvætt viðhorf.

Frekari upplýsingar veitir Eydís Bára Jóhannsdóttir skólastjóri í síma 455-2900 / 861-7769.

Tónleikar í Hvammstangakirkju

Kór Egilsstaðakirkju heldur tónleika í **kirkjunni á Hvammstanga laugardaginn 11. júní kl. 18.00.**

Á efnisskrá verða austfirsk lög, sálmar og önnur sönglög.

Kirkjukór Hvammstanga tekur þátt í tónleikunum sem verða undir stjórn Torvalds Gjerde.

Enginn aðgangseyrir – allir velkomnir.

Kór Egilsstaðakirkju.

Kirkjukórinn á Hvammstanga.



ELDUR Í HÚNAÞINGI DAGANA 20-24.JÚLÍ.2022

Það styttest heldur betur í hina árlegu

héraðshátíð 20. hátíðin verður haldin dagana 20. - 24. júlí og Melló músika verður svo sannarlega á sínum stað!

Ert þú komin með atriði? Endilega skráðu atriðið þitt á netfangið eldurihun@gmail.com

Hlökkum til að sjá þig þar

Kveðjusamkoma presthjónanna á Melstað

Í tilefni þess að Sr. Guðni Þór Ólafsson hefur látið af störfum eftir 40 ára prestþjónustu ætlum við sóknarnefndirnar í fyrrum Melstaðarprestakalli að efna til samkomu til heiðurs honum og hans konu í

Félagsheimilinu Ásbyrgi þann 15. júní kl. 20:30. ALLIR

VELKOMIR.

Sóknarnefndirnar



Frá Heilsugæslunni.

Fjórða bólusetning gegn Covid19 er hafin á Heilsugæslustöðinni Hvammstanga, fyrir aldurshópin 80 ára og eldri.

Næsti bólusetningardagur er 16. júní n.k.

Þeir sem vilja þyggja bólusetninguna en hafa ekki fengið bókaðan tíma, þurfa að panta tíma í síma 432 1300

Áður auglýstur opnunartími - breyting

Vegna breytinga verður ekki fastur opnunartími í Skrúðvangi í sumar.

Fyrir áhugasama: jarðarber eru væntanleg í júlí.

Kv. Kristín

Lausar stöður í leikskólanum Ásgarði

Leikskólakennarar – leiðbeinendur

Við leikskólann Ásgarð eru lausar stöður.

Tvær 100% stöður leikskólakennara/leiðbeinenda tímabundin ráðning til 4. júlí 2023 með möguleika á framtíðarstarfi.

- Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum með góða íslenskukunnáttu, áhuga á að vinna með börnum og góða hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leyfisbréf, háskólamenntun og/eða aðra menntun
- Áhuga á að starfa með börnum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Fagmennska
- Skipulagshæfileika
- Hæfni til að sýna frumkvæði í starfi
- Gleði og jákvæðni



Kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru öll kyn hvött til að sækja um störf.

Upplýsingar um leikskólastarfið má finna á

<http://asgardur.leikskolinn.is/>

Hugmyndafræði skólans byggir á kenningum Mihaly Csikszentmihalyi, flæði.

Umsóknafrestur er til **20. júní næstkomandi og og mun viðkomandi hefja störf 11. ágúst**. Umsókn ásamt ferilskrá og meðmælendum skulu berast í leikskólann Ásgarð Garðavegi 7, 530 Hvt. eða rafrænt á leikskoli@hunathing.is

Frekari upplýsingar veitir **Kristinn Arnar Benjamínsson, 451-2343**
eða 845-1122

Umsækjandi má hvorki hafa hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 né hafa hlotið refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því í auglýsingu að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.